



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 20.6.2025

Efni: Styrkbeiðni frá Skjólinu

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs dags. 23.4.2025 var tekin fyrir meðfylgjandi beiðni frá Skjólinu um rekstrarstyrk vegna ársins 2025. Ráðið bókaði:

„Velferðar- og mannréttindaráð frestar afgreiðslu á beiðni um rekstrarstyrk frá Skjólinu. Óskað er eftir ársreikningi frá rekstraraðila og yfirliti yfir fjölda íbúa frá Kópavogi sem sækja þjónustu í Skjólið.“

Umbeðin gögn fylgja nú málinu annars vegar undirritaður ársreikningur og hins vegar yfirlit yfir fjölda íbúa frá Kópavogi sem sækja þjónustu í Skjólið.

Í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2025 er gert fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka. Þegar er búið að afgreiða styrki til eftirfarandi aðila á árinu 2025 gegn framvísun ársreiknings.

Bjarkarhlíð	500.000.-
Matthildur, samtök um skaðaminnkun	650.000.-
Kvennaathvarfið	1.250.000.-
Kaffistofa Samhjálp	671.958.-
Samtals:	3.071.958.-

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Skjóls
Fylgiskjal 2: Ársreikningur
Fylgiskjal 3: Yfirlit yfir notendur

